

| tíska | tíðarandinn | heilsa | persónuleikapróf | pistlar | matur | stjörnuspa |

birta
tekur frákastið

HÖNNUN

» Skartgripir Páls Sveinssonar

MATUR

» Páskalærið,
kartöflurnar og
allt hitt...

Lára Rúnarsdóttir

» *Körfuboltastelpa sem skiptir um ham*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
7. apríl - 13. apríl

*Prófun á Virkni Fillaðyni(R) **Rakinn í húðinni mældur einni klukkustund eftir að kremið var borið á.



Húðin inniheldur vatn sem hún bindur til að viðhalda réttum raka.

VICHY

LABORATOIRES



THERMAL FIX

Gefur, bindur og varðveitir rakann

Örvar virkni húðarinnar að binda raka*
húðin nær að binda meira en 45% vatn**

Thermal Fix inniheldur Filladyn (R) sem örvar framleiðslu á rakabindandi efnum. Þegar efsta lag húðarinnar er mettað af raka, varðveitir hún hann allan daginn. Húðin verður mjúk og fær aftur eðlilegan teygjanleika. Inniheldur Vichy lindarvatn.

Vichy fæst eingöngu í apótekum, þar sem þú færð faglega ráðgjöf um umhirðu húðarinnar.

VICHY. HEILSULIND HÚÐARINNAR

www.vichy.com



Stórir pakkar frá EJS

Fermingartilboð

Það er gaman þegar pakinn kemur frá EJS. Helst vildum við koma í veisluna og vera með þegar þessir eru opnaðir því stóri pakinn er oftast bestur. Skínandi fartölva, öflug borðtölva eða frábært sjónvarp! En við látum duga að hugsa hlýlega til ykkar, því við vitum að gjöfin gleður.



Dell Inspiron 630m fartölva

Vefmyndavél, vírusvörn og taska fylgja.

Intel Pentium M 750 1,86GHz örgjörvi

512MB 533MHz DDR2 vinnsluminni

14.1" WXGA TFT True Life skjár

60GB harður diskur

8X DVD+/-RW DVD geislaskrifari

Intel Pro 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g

Innbyggt Bluetooth

Fjögur USB 2.0, FireWire, S-Video, skjá tengi

5-1 minniskortalesari

Microsoft Windows XP Professional

Fermingartilboð **155.100,-**

Vaxtalaust 13.529,- á mán. í 12 mánuði.



Pleomax vefmyndavél PC Cillin

Coluco taska



Hantarex 20" LCD sjónvarp

Staðgreiðsluverð **99.900,-**

Hantarex 26" LCD sjónvarp

Staðgreiðsluverð **149.900,-**

Sjónvörpin sem fagmennirnir nota.
Innbyggður DVD/DivX spilari og frábær myndgæði!

Tölvum fylgir eins árs ábyrgð EJS og 2ja ára neytendaábyrgð.

Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Ísafirði / 456 5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // EJS BÚÐIN, Pennanum, Hallarmúla / 540 2000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000 //





24

Þetta helst

- 7 Valhoppað inn í sumarið
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla efnafræðikennarans
- 12 Dóri heldur blúshátíð
- 14 Flaming Lips
Barnalega framsækin hljómsveit

Viðtal

- 16 Lára Rúnarsdóttir
Körfuboltastelpan sem skipti um ham

Hann hún

- 24 Matur um páskana
- 30 Páll Sveinsson hannar skartgripi
- 32 Ljósmyndir á diskamottum
- 34 Brynhildur elur upp
- 36 Osló er barnvæn borg
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
Stjörnuspá
- 42 Kvíði yfir kvíða
- 44 Kaffi örvar konur
- 46 Grátt hár

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 66 Sudoku

118

Frábær nýjung!

Nú fá allir sem biðja um **áframtengingu** hjá 118 sjálfkrafa **SMS skilaboð** með nafni og númeri sem þeir báðu um.

Já, sífellt betri þjónusta

já

– er svarið



Valhoppað inn í sumaríð

Þótt páskahretið angri landann leikur enginn vafi á því að vorið er að koma. Tískuhúsin víða um heim hafa löngu lagt línurnar fyrir það sem koma skal þó að vissulega sé erfiðara að vita hvort tískan skili sér 100% til okkar litla og oft og tíðum kalda lands. Eitt er þó víst að sumarið verður litríkt, fjörukt og einstaklega lífflegt, eins

og raunar flest fyrri sumur. Mynstur verða sérstaklega áberandi og þá sérstaklega mynstraðir kjólar. Fólk þarf heldur ekki að vera hrætt við að blanda saman mismunandi litum og skemmtilegar leggings-buxur eru dæmi um fatnað sem nota má óspart til þess að lyfta upp sumarskapinu. Grunnlitirnir fjórir, gulur, rauður, grænn

og blár, verða vinsælastir í sumar en þó má ekki hafa þá of skæra heldur er flottara að hafa þá sterka og ákveðna. Allt er hins vegar leyfilegt. Og lítið annað hægt að gera en að láta hugann reika og leyfa sól og sumaryl að veita sér innblástur. Hvað er sumarlegra en að spásæra úlpulaus niðri í bæ þegar sólin skín?

heitt & kalt

HUGLEIKUR DAGSSON
Bókin Fermið okkur, nýtt lag með Benna Hemm Hemm og endurupptaka á Forðist okkur í Borgarleikhúsinu. Strákurinn er sjóðandi heitur.

STRÍÐ MR OG MH Það er svo gaman að vera í menntaskóla og í ruglinu. Sérstaklega þegar menn sjá hvenær nóg er komið og semja frið á réttum tíma.

IPOD Hann er svalur og notagildið er ótvírátt. Nú orðið eiga hins vegar allir svona grip.

NYLON Á útrásin sér engin takmörk? Frábært. (Sp)Ice girls II.

SUBBUSKAPUR HERSINS Það virðist vera að bandaríski herinn geti hvergi verið án þess að skilja eftir sig rjúkandi rústir. Vonandi sjá þeir sóma sinn í því að skilja við Suðurnesin í skikk-anlegu ástandi.

Sjónvarpsdagskráin »

Uppáhaldspættir kvaddir



Þegar líður á vorið þurfa margir að kveðja gamla vini af skjánum. Þá lýkur mörgum veruleikasjónvarpsþáttum sem hafa verið fastir vikulegir liðir í lífi margra frá áramótum eða lengur. Þeirra á meðal eru krakkarnir í Idolinu sem reyndar hafa eitt og eitt verið að tynast af skjánum. Nú er komið að lokum og stjarnan verður krýnd í kvöld. Til að bæta sér upp brotthvarf söngfuglanna getur fólk leitað á náðir hins bandaríska Idols sem sýnt er á Sirkus.

Meistarinn verður krýndur innan tíðar á Stöð 2 og annars konar spurningameistarar fagna sigri og hverfa af skjánum á Ríkissjónvarpinu þegar spurningakeppni framhaldsskóla lýkur. Bandaríski Bachelorinn fer brátt að velja sína spúsu á Skjá einum og á sömu stöð berjast nokkrir misvitir samlandar hans um að komast af í Survivor. Sú keppni stendur þó enn sem hæst og er hægt að hugga sig við það.

Hins vegar er spurningin hvort ekki sé best að slökkva á sjónvarpinu og fá sér göngutúr í vorveðrinu blíða?

Páskaveðrið » Logn og rok

Hvað erum við Íslendingar frægari fyrir en að spá í veðrið? Það er okkur uppspretta ófárra samræðna og ef allt þrýtur er alltaf hægt að ræða hversu snemma hausti í vor og hversu sumarið hafi verið stutt.

Páskarnir nálgast nú ódfluga og eins og gefur að skilja ræður veðrið miklu um hvað fólk aðhefst í fríinu. Sumir vonast eftir snjó, aðrir eftir hita en flest erum við þó sammála um að vilja hvorki rok né rigningu.

Erfitt er þó að spá fyrir um páskaveðrið því það eins og allt annað veður á Íslandi er brigðult og getur breyst frá einni mínútu til annarrar. Sigurður Ragnarsson veðurfræðingur, eða Siggí Stormur, spáir þó hægætisveðri um páskana. Hann tekur hins vegar fram að þetta sé samkvæmt langdrægustu spám og brugðið geti til beggja átta.

Líkur eru þó nokkrar á því að á skírdag verði bjart veður og hæglat átt. Þá verði svipað veður fram á sunnudag en gert ráð fyrir súld með ströndinni. Skipast eiga veður í lofti á annan í páskum þegar tekur að kólna og ráð gert fyrir nokkrum strekkingi.

Enn er þó langt til páska og enginn veit hvað getur gerst. Besta spáin er líklega sú að við fáum sitt lítið af hverju, hret, sól, rigningu, rok og logn, eins og alltaf.



Bílaþvottur »

Vetrardrullan skuluð af

Nú birtir með hverjum degi og að sama skapi sést allt það sem myrkið huldi áður. Þar með talið öll tjaran, saltið og rykið sem festst hefur við bílana yfir veturinn. Þá er ekki úr vegi að rúlla bílnum inn í eina af þvottastöðvum landsins og fá að nýju glans á lakkið. Sjálfvirku skyndiþvottastöðvarnar standa fyrir sínu. Hins vegar væri það bílunum fyrir bestu ef eigendur þeirra

tækju sér nokkra tíma einhvern daginn til að þvo og bóna þarfasta þjóninn enda komast hendur þangað sem stórvirkar vélar ná ekki. Að bóna bílinn gerir jú bílnum gott og ver lakkið fyrir grjótkasti í komandi útilegum í sumar. Því má segja að tímanum sem fer í þvott og bóna sé vel varið enda endursöluverð órispaðra bíla mun betra en hinna.



NÝTT



SMINT®

GEFUR FRÍSKLEGT BRAGÐ, VERNDAR TENNURNAR OG GERIR ÞÆR HVÍTARI!



brennslan mín ...
Soffía Sveinsdóttir efnafræðikennari

Partí afslöppun

Soffía Sveinsdóttir er efnafræðikennari með góðan tónlistarsmekk. „Ég hef alla tíð hlustað heilmikið á tónlist. Ég er samt svöltið íhaldssöm og held ennþá mikið upp á gamlar hljómsveitir,“ en Soffía segir þó að internetið hafi opnað nýjar viddir fyrir henni og tónlistaráhugi hennar sé alltaf að vaxa jafnt og þétt. Soffía gat ekki ákveðið sig fyrir brennsluna hvaða þema hún hefði og því skipti hún brennslunni í tvennt. „Helmíngurinn er partílög á laugardagskvöldi og hinn helmíngurinn er róleg stemning á sunnudagsmorgni.“

TRACK 1	System of a down – Highway song. Kraftmikið og frábært tiltektarlag. Þessi hljómsveit stýttir mér alltaf stundirnar við tiltekt. Fínt á laugardagsvefjarmíðdeggi.
TRACK 2	Smashing Pumpkins – I am one. Lag af fyrsta disk Smashing Pumpkins. Geðveikur bassi sem lætur gæsa húðina hríslast niður bakið og minningarnar flæða gegnum hugann.
TRACK 3	Eels – Souljacker part I. Annað lag sem kemur manni alltaf í stuð. Kærulesislegt töffaralag sem minnir mig alltaf á Berlín þar sem ég keypti diskinn.
TRACK 4	Arctic Monkeys – The view from the afternoon. Eftirlæti bresku popppressunnar þessa dagana. Hrátt og skemmtilegt gítarrokk í anda Libertines sem kemur mér til að hoppa og skoppa.
TRACK 5	Adriano Celentano – Una festa sui prati. Þetta var spilað undir morgun hverja helgi á subbulugum bar í Austurríki fyrir nokkrum árum... og það var ekki annað hægt en að hoppa upp á næsta borð og dilla sér með!
TRACK 6	The Cure – Lullaby. Ótrúlega falleg ballaða. Eitt af þeim lögum sem má bara hlusta á til hátíðarbrigða til að skemma ekki upplifunina.
TRACK 7	Suede – So Young. Fyrsta lagið sem ég heyrði með hljómsveitinni Suede og búmm, ást við fyrstu hlustun. Hef verið dyggur aðdáandi síðan.
TRACK 8	The Greenhorns – There is an end. Veit ekkert um þessa hljómsveit en þetta lag var í hinni frábæru mynd Lost in translation. Fallegt lag sem fangar vel hið sérstaka andrúmsloft myndarinnar.
TRACK 9	Led Zeppelin – The Rain Song. Ein af ódauðlegum perlum þessarar mögnuðu hljómsveitar. Nauðsynlegt að liggja uppi í sófa og loka augunum til að njóta lagsins til fulls.
TRACK 10	The Libertines – Music when the lights go out. Aðeins meira af bresku strákarokki. Flott kassagítarballaða með Doherty og félögum sem passar vel á sunnudagsmorgni.

» birta mælir með...

...AVOJUICE COCONUT MELON JUICIE RAKAKREMINU FRÁ O.P.I. Kremið ilmar dásamlega og er afar frískandi, sérstaklega á morgnana þegar maður á erfitt með að vakna. Kremið inniheldur C-vítamín, kókos, melónu, aloe-vera og avókadó. Handhæga pumpan ofan á kremflöskunni er hrein snilld og gerir manni auðveldara fyrir að fá sér smá slettur af kreminu þegar á þarf að halda bæði á hendurnar og í andlitið. Kremið fæst í apótekum og víðar og er líka til með berjailmi.



...FRUMBURÐI MAMMÚT. Mammút sýnir og sannar á þessarari plötu að hér er á ferð ein albasta gítarrokksveit landsins. Lög eins og Mosavaxin börn og Þeir reyna eru algjör gæsa húðarlög sem vekju upp með manni sterkar tilfinningar. Flottur frumburður sem hvaða hljómsveit sem er gæti verið stolt af.

...DRAUMALANDINU EFTIR ANDRA SNÆMAGNASON. Frábærlega vel skrifuð bók þar sem höfundur setur fram sýn sína á Ísland og íslenskt samfélag. Meginþinginn er í umfjöllun um virkjanamál. Andri Snær varpar skýru ljósi á furðulega stefnu íslenskra stjórnvalda í virkjanamálum, þar sem landið virðist á útsölu og allri umræðu um málin er haldið í herkví stjórnmalamanna sem líta á stóriðju sem eina valkost Íslendinga vilji þeir lifa við góð kjör. Andri hefur meiri trú á Íslendingum en svo. Bendir réttilega á fjölmörg fyrirtæki sem skila arði án þess að náttúru landsins sé fórnað. Skyldulesning!



Lífsklukkan er engin venjuleg klukka

NÝTT

Lífsklukkan er kærkomin nýjung fyrir þá sem verkjar hreinlega af erfði við að vakna á morgnana eða velkjast um af pírtingi við að sofna á kvöldin.

Lífsklukkan er svo sniðug að hún hermir eftir sólarupprás og sólsetri til að hjálpa líkamanum við að koma lagi á melatónín hringrás líkamans og regla kemst þá á dægursveiflur líkamans. Lífsklukkurnar eru þróaðar af fremstu sérfræðingu Evrópu í birtumeðferð. Með því að nota eðlilega svörun líkamans við ljósi dregur lífsklukkan úr einkennum skammdegisþunglyndis, bætir svefn og líðan í vöku.

Lífsklukkan vekur svefnþurkurnar hægt og rólega á morgnana með ljósi sem kemur líkamsstarfsemi af stað áður en þú kemur áttar sig á því. Á kvöldin slökknar smám saman á lífsklukkunni sem gefur líkamanum merki um að slaka á og hjálpar andvökgúðum að sofna.

Nánari upplýsingar um Lífsklukkuna og um söluaðila á Íslandi má finna á www.lifsklukka.is.



MIKIÐ ÚRVAL AF DÖMUSKÓM!



Dömustígvél
14.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömustígvél
11.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41



Dömuskór
9.995 kr. -
stærðir: 36-41

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND - KRINGLAN

Blúsfélag Reykjavíkur efnir til blúshátíðar í dymbilviku þriðja árið í röð og miklu er tjaldað til. Halldór Bragason eða Dóri í Vinum Dóra veit allt um það.

Goðsagnir, Íslandsvinir og orkuboltar

Blúshátíðin hefur vaxið ár frá ári og virðist komin til að vera. Það er aðalatriðið. Ég fullyrði að dagskráin hafi aldrei verið glæsilegri en nú. Við erum í virðulegum salarkynnum Nordica hótels þrjú kvöld og svo eitt kvöld í Frikirkjunni og fáum rjómann af íslenskum blústónlistarmönnum, plús þrjár dífur frá Chicago og Fruteland Jackson frá Mississippi sem mikill fengur er að.

SEGÐU OKKUR
AÐEINS MEIRA UM
DÍFURNAR ÞRJAR.

Þær eru Deitra Farr, Zora Young og Grana' Louis. Deitra Farr hefur komið hér áður og sungið með Vinum Dóra og hún er mikill Íslandsvinur. Nú kemur hún með vinkonur sínar með sér og þær gera örugglega allt vitlaust hér í þessa tvo daga sem þær stoppa, eins og þær hafa gert hvarvetna sem þær koma fram. Zora Young er goðsögn í Chicago. Hún hefur sungið með öllum þessum helstu og er alveg rosalega góð. Grana' Louis er ung og upprennandi stjarna. Hún hefur þegar sungið út um allan heim og er ótrúlegur orkubolti. Ég hlakka mjög til að heyra í henni. Það er gaman að bjóða upp á svona mörg góð atriði erlendis frá en við megum heldur ekki gleyma okkar eigin difu sem er Andrea Gylfadóttir.

Hún kemur fram fyrsta kvöldið ásamt stórsöngvaranum Páli Rósinkrans.

JÁ, ER EKKI FYRSTA KVÖLDIÐ
ÍSLENDINGAKVÖLD?

Jú og það er stórt kvöld. Þá erum við með flotta dagskrá þar sem þessir reynsluboltar, Andrea og Páll koma fram ásamt ungliðum sem forvitnilegt er að fylgjast með. Meðal þeirra er hljóm sveitin The Bumcats. Þar eru blúshjónin Tommi og Esther sem fullu nafni heita Tómas Ragnarsson og Esther Jökulsdóttir. Esther hefur sungið eitthvað með Hjálmmum en áður var hún í blúshljóm sveit með Steina í Hjálmmum austur á Egilsstöðum.

ÞAÐ ER DÁLÍTIÐ KVENNAÞEMA Á
ÞESSARI HÁTÍÐ.

Já, svo kemur þarna Blússveit Pollyar. Það er athyglisverð sveit sem byggir á sínum lífsstíl en það má heldur ekki gleyma höfðingjanum Björgvini Gíslasyni með nýja bandinu Skaf, sem leikur undir hjá Andreu og Palla né heldur sveitinni Krummunum sem lætur hefðir og lögmál víkja fyrir augnablikinu. Þá hefur Hlöðver B. Jökulsson sett saman dagskrá um Kristján fjallaskáld því óhætt er að fullyrða að ljóð Kristjáns hafi verið sprottin af sama meidi og blústextarnir.

ÞETTA VERÐUR SEMSAGT STÓRHÁTÍÐ.

Já, það er svo mikið að gerast að ég gæti haldið áfram í allan dag að lýsa því en ljóst er að blúshjörtun munu slá ört þessa daga. Konsertinn í Frikirkjunni á föstudaginn langa verður rosalega flottur. Mér leiðist að vísu orðið negrasálmur en ég held að við verðum að nota það yfir þá tónlist sem þar verður flutt. Dífurnar þrjár eru aldar upp í kirkjum í Chicago og hafa þetta alveg í blóðinu. Þetta er dásamleg músík. Í fyrra sungu Andrea og Deitra í kirkjunni og fólk grét. Fegurðin var svo mikil.



SETT UPP Í SAMSTARFI VIÐ



**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
OPNAR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
PANN 12. MAÍ 2006**

MIÐASALA HEFST 8. APRÍL
Sími miðasölu: 511 4200
Netfang: midasala@opera.is
www.opera.is



ÍSLENSKA ÓPERAN



OPNUNARTILBOÐ:
Ef keyptir eru tveir miðar
eða fleiri færðu ókeypis
geisladisk með tónlistinni
úr sýningunni.

Gildir laugardag og sunnudag
á meðan birgðir endast

**LITLA
HRYLLINGS
BÚÐIN**

Fáar hljómsveitir hafa aflað sér jafn mikillar virðingar innan grasrótar tónlistarheimsins síðustu 10 til 15 ár en Flaming Lips. Hljómsveitin var stofnuð í Oklahoma borg í Bandaríkjunum árið 1983 og hefur því verið starfandi í hartnær aldarfjórðung. Hljómsveitin virðist ekki vera orðin þreytt á tónlistarsköpun sinni því í þessari viku kom út breiðskífan *At War With the Mystics* en sveitin hefur sent frá sér vel yfir 10 breiðskífur.

Flaming Lips var ein af mikilvægustu hljómsveitum post-punk tímabilsins í Bandaríkjunum og gáfu þeir út fjölmargar plötur á þeim tíma. Aðalmaðurinn á bakvið við sveitina er sérvingurinn Wayne Coyne en í gegnum tíðina hefur hljómsveitin upplifað margar og tíðar mannabreytingar en þess má geta að Jonathan Donahue, liðsmaður Mercury Rev, var eitt sinn í Flaming Lips. Hljómsveitin náði þó aldrei að festa sig almennilega í sessi eða ekki fyrr en að plöturisinn Warner samdi við félagana árið 1991. Hljómsveitin hefur samt sem áður ætíð haldið sínu sjálfstæði og sínum költstimpli. Stærsti smellur hljómsveitarinnar varð óvænt lagið „She Don't Use Jelly“ sem var ítrekað spilað í útvarpsviðtækjum heimsins. Gerðist hljómsveitin meira að segja svo fræg að koma fram í unglingsápunni Beverly Hills 90210 árið 1994.

Síðustu tíu ár hefur hljómsveitin einbeitt sér mikið að ýmis konar hljóð- og hljóðversvinnu en í dag má segja að Flaming Lips búi til eitt ef ekki besta froðukennda sýrupopp sem völ er á, það er að segja ef eitthvað slíkt er til. Þrátt fyrir að hljómsveitin sé einungis tríó er tónlist sveitarinnar einstaklega ómmikil og hægt er að fullyrða að skemmtilegri tónleikasveit er vart hægt



Barnalega framsækin

að finna. Tónleikar Flaming Lips er sirkus útaf fyrir sig, með búningum, blöðrum, sprengingum og glimmeri. Tónlist Flaming Lips er samt sem áður barnleg í eðli sínu en þó skal varast að taka Flaming Lips ekki alvarlega. Textar sveitarinnar eru oft á tíðum einstaklega beittir og er oft deilt á nútímasamfélag og æstu valdamenn þess. Á nýjustu breiðskífu Flaming Lips má einmitt finna texta með alvarlegum undirtóni þar sem stríðsreksturinn í Írak er fordæmdur og almenn poppmenning fær falleinkun. Undir óma hins vegar grípandi melódíur sem láta mann gleyma öllu því slæma og fá mann í staðinn til þess að brosa. Tónlist Flaming Lips á *At War With the Mystics* er einmitt gleðileg og einstaklega tónfögur. Sannarlega mikill fengur fyrir tónlistaráhugamenn og að sjálfsgöðu alla aðra líka.

FLAMING LIPS FYRIR BYRJENDUR



- A Collection of Songs Representing an Enthusiasm for Recording...By Amateurs
- Transmissions from the Satellite Heart
- The Soft Bulletin
- Yoshimi Battles the Pink Robots





Beliss Bylting frá Babyliss Paris

Nú getur þú þurrkað, blásið og sléttað hárið á helmingi styttri tíma en áður.

Með beliss þurrkar þú og sléttar krullað, hár, þykkt hár, úfið hár, alveg frá rótum og fram í enda.

Öflugur blásari og ceramic sléttun gerir hárið silkimjúkt og glansandi

Ný, einföld en fagmannleg hönnun fyrir þig að nota.

BE liss
Gerir fallett hár fallegra



BaByliss[®]
PARIS

Lára Rúnarsdóttir hefur alltaf verið viðriðin tónlist. Á yngri árum sá hún þó ekki framtíð fyrir sér á tónlistarbrautinni og kveðst hafa verið körfuboltastelpa í íþróttagalla. Það var síðan eitt kvöldið þegar hún var að troða upp á körfuboltaskemmtun að henni var boðið að taka upp plötu í stúdíó Geimsteini. Eftir það hefur lífið tekið stakka-skiptum og í dag er önnur plata þessarar 23 ára söngkonu, Þögn, að líta dagsins ljós.



Körfuboltastelpa sem skipti um ham

Texti: MARÍA ÞÓRA ÞORGEIRSDÓTTIR Myndir: HARALDUR JÓNASSON Föt: GYLTI KÖTTURINN

Lára byrjaði snemma að læra á píanó og segir tónlistina aldrei hafa verið val. „Þegar ég var lítil fékk ég að velja mér eitt hljóðfæri, spurningin var aldrei hvort ég ætti að læra heldur á hvað. Mig minnir að ég hafi viljað læra á fiðlu en þar sem ég bjó í Svíþjóð þá var hún ekki í boði og því kom píanóið í staðinn. Ég lærði á píanó þar til ég varð unglingur en þá fór ég að læra söng og í vor útskrifaðst ég frá söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs,“ segir Lára sem kveðst ekki hafa hlustað mikið á músík nema það sem hún heyrði í útvarpi og sjónvarpi. „Ég átti alveg einhverja geisladiska en mér fannst tónlistarheimurinn mjög óáhugaverður. Ég vissi af Sigur Rós og Björk en mikið meira vissi ég ekki um íslenska tónlist.“

Lára var íþróttastelpa á unglingsárunum og æfði körfubolta með Breiðabliki og ÍS. „Ég var komin upp í meistaradeildina og það fór allur tíminn í körfuboltann. Ég var samt ekkert rosalega góð, bara allt í lagi, og hefði ekki beint átt framtíð í körfubolta þó ég hafi ekki hugsað mikið út fyrir þann ramma sem ég var í þá.“ Eftir að Lára útskrifaðist úr menntaskóla vissi hún ekki hvaða stefnu hún ætti að taka. „Ég fór í sálfræði í Háskólanum en líkaði það ekki og reyndi líka við myndlist. Á vissum tíma ætlaði ég mér að verða rithöfundur og kennari og í raun er ég að sinna hvoru tveggja í dag með því að semja texta og læra tónmenntakennslu,“ segir Lára en hún lýkur öðru ári í tónmenntakennslu við Kennaraháskólann í vor.

BYRJAÐI AÐ SEMJA MEÐ PABBA SÍNUM

Þó að Lára hafi ekki samið lög fyrr en í seinni tíð þá skrifaði hún ljóð frá tíu ára aldri. „Það var alltaf fastur liður að koma inn í stofu og lesa ljóð fyrir mömmu og pabba.“ Þegar Lára var átján ára keypti pabbi hennar, Rúnar Þórisson gítarleikari, upptökuforrit og í framhaldinu fór Lára að semja laglínur. „Pabbi samdi einhverja grunna á tölvuna og ég man ekki hvernig það kom til að ég fór að syngja inn á þá. Það endaði með því að við áttum einhver tíu, tuttugu lög saman, hann á gítarnum og ég að syngja.“ Lára gerði þó ekkert meira með þessi lög fyrr en þremur árum síðar þegar henni bauðst að taka upp plötu hjá Geimsteini. „Ég fékk alveg ótrúlegt tækifæri með fyrstu plötunni minni, Standing Still. Ég ætlaði mér ekki að verða tónlistarmaður en Kiddi hjá Geimsteini heyrði í mér á íþróttaskemmtun og bauð mér bara að koma og taka upp. Í framhaldinu fór ég að læra á gítar og semja á hann og það var afrakstur fyrri plötunnar, bæði lög eftir mig og pabba saman og efni sem ég var nýbyrjuð að semja. Í raun var ég mjög ómótuð á þessum tíma, ég vissi ekki hvað ég vildi eða hvaða stefnu ég ætti að taka. Eftir á að hyggja var ég ótrúlega heppin að hafa verið að vinna með þessum tónlistarmönnum sem gerðu þetta vel. Ég hefði ekki verið sátt í dag hefði ég farið einhverja aðra leið, ef ég hefði til dæmis farið í poppbransann.“

„Ég átti alveg einhverja geisladiska en mér fannst tónlistarheimurinn mjög óáhugaverður. Ég vissi af Sigur Rós og Björk en mikið meira vissi ég ekki um íslenska tónlist.“



ÚR ÍPRÓTTAGALLANUM YFIR Í TÓNLISTINA

Margt hefur gerst á því tveimur og hálfu ári frá því að Standing Still kom út. „Ég hef breyst rosalega mikið. Ég var íþróttastelpa í íþróttagalla sem svissaði alveg yfir í tónlist. Mér finnst ég miklu sjálfstæðari og frjálsari í dag, ég veit hvað ég vil og hvað ég vil ekki og þó fyrsta platan hafi ekki fengið neitt sérstaklega mikla umfjöllun þá óx sjálfstraustið samt.“

Í byrjun máf kemur önnur plata Láru út sem nefnist Þögn. Hún var tekin upp í stúdíó Silence síðastliðið sumar og með Láru spila fjórir strákar, Kiddi, Pétur, Börkur Hrafn og

Daði. „Ég var rosalega hörð með þessa plötu og sem betur fer skildu strákarnir það og gerðu eiginlega bara nákvæmlega það sem ég bað um. Þetta er mitt verk þó þeir eigi náttúrulega mjög stóran part í því líka.“

Á nýju plötunni fjallar Lára um tímamót í lífinu og einnig erfíð sambandsslit. „Þetta er rosalega persónuleg músík og kannski stundum einum of,“ segir Lára brosandí og bætir því við að hún hafi stundum farið hjá sér við gerð plötunnar. „Efnið hef ég verið að semja síðustu tvö árin og fjallar um það sem ég hef verið að díla við. Ég gekk í gegnum erfitt ár, kannski ekki erfitt miðað við suma,

maður á ekki að vera að kvarta, en ég lenti í tilfinningalegri krísu. Þessar tilfinningar persónugerir ég í lögnum svo það hljómar kannski eins og ég sé að tala við einhvern ákveðinn.“

Andinn kemur ekki yfir Láru hvenær sem er og henni finnst best að semja þegar hún er leið. „Þá finnur maður svo sterkt fyrir einhverju, það er eins og það sé einhver bolti inni í manni sem maður losnar ekki við. Það er alltaf sagt að það sé svo gott að létta af sér og þegar maður spilar einn á hljóðfæri og syngur getur maður nákvæmlega sagt það sem maður vill. Það er enginn að hlusta og maður er ekki meðvitaður um neitt nema hljóðfærið,“ segir Lára. Hún hefur þó ekki samið í lengri tíma og segir andann hafa verið frekar fjarlæg. „Kannski er andinn bara farinn,“ segir hún hlæjandi.

GAT EKKI HUGSAÐ SÉR FRÆGÐ

Í dag vinnur Lára í plötubúð samhliða söng- og kennaranámi og hlustar því mikið á tónlist. Með tímanum hefur hún fundið sig betur og veit hvar hún vill standa innan tónlistarbransans. „Ég hef stúderað tónlist Stínu Nordenstam mikið og mér finnst allt sem hún gerir alveg frábært. Ég myndi segja að hún væri helsti áhrifavaldur minn, þó að tónlistin mín sé kannski ekki mjög lík hennar,“ segir Lára hlæjandi. „Ég er svo á móti þessu konsepti í kringum poppmarkaðinn, að spila á útlitið en ekki tónlistina. Stína er akkúrat andstæðan við þetta, hún kemur aldrei fram í viðtölum eða sjónvarpi og spilar aldrei á tónleikum. Auðvitað missir hún af hellingi en mér finnst svo magnað að hún gerir þetta bara fyrir sig sjálfa. Hún selur alltaf nóg til að gera næstu plötu og það nægir hennir. Þetta er staðan sem mig langar að vera í, að tapa sér ekki í einhverri markaðssetningu,“ segir Lára sem kveðst ekki leita eftir frægð og frama. „Fyrir hálfu ári þegar ég var að leita mér að útgáfusamningi gat ég bara ekki hugsað mér að fólk vissi hver ég væri. Ísland er svo ótrúlega lítið land og það þarf svo lítið til að verða „frægur“. Það var því mikil togstreita í mér og ég var bara ekki viss um að ég vildi þetta. Ég myndi samt aldrei segja nei við einhverju stóru giggi, það bara gerist ef það gerist.“

Á fyrri plötunni, Standing Still, var Lára mjög leitandi og í textunum spurði hún hvaða leið hún ætti að fara. „Á þessum tveimur árum hef ég í raun fundið mig. Hérna er ég og hérna líður mér vel. Nú veit ég hvað ég á að forðast,“ segir Lára og það sést á henni að hún er hamingjusöm. Þegar blaðamaður spyr hvort Þögn sé þannig svarið við fyrri plötunni hugsar Lára sig vel um og svarar síðan „Ég held að næsta plata verði svarið við fyrstu plötunni.“



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur
hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur
fyrir alla þá sem hafa hollustuna
í fyrirrúmi og vilja lifa á
heilsusamlegan hátt.



KEA
Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

KVEF?

VERKJALYF



HÁLSTÖFLUR



FRUNSUKREM



NEFÚÐI

Opið til 24 alla daga

Lyf & heilsa Austurveri

Opið til 21 alla daga

Lyf & heilsa JL húsinu

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði · Hafnarfirði · Fjarðarkaupum · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Krínglunni 1.hæð · Krínglunni 3.hæð · Melhaga · Mjódd · Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu
Hveragerði · Hvolsvelli · Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík · Glerártorgi Akureyri
Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

 Lyf & heilsa

Við hlustum!



HAIRCARE SYSTEM



25%
Afsláttur

PTP
Hárvörur

Allt fyrir hárið á einum stað

Ef þú vilt glansandi heilbrigt hár þá eru PTP hárvörurnar svarið.
Þú getur valið um sjampó, næringar og mótunarefni allt eftir þínum hentugleika.

Þú færð PTP hársnyrtivörurnar í öllum verslunum Lyf & heilsu

 Lyf & heilsa
Við hlustum!



TAKTU ÞINN LÝSISTÍMA Á HVERJUM DEGI ÞVÍ AÐ...

Lýsið betra en lyfin?

RANNSÓKNIR, sem gerðar hafa verið í Bretlandi á börnum, sem standa sig illa í skóla, eru óröleg og einbeitingarlaus, sýna, að frammistaða þeirra og hegðun stórbatna ef þeim eru gefnar náttúrulegar fitusýrur, blanda af lýsi og næturljóssolíu.

Mánu en 120 hlötu frá sex til tólf ára börn þátt í framskiðinu og fíkk keimlingurinn hlöðu af lýsi, eða omega-3-olíu og omega-6-olíu frá næturljóssolíu, sem er gátt af sýruvörum. Hla þessu lyf-lynu að því er framt kom á brettið RBC, hefur vikiðverpin.

Ekki þótt náttúrlíu kom í ljósi, að þess hlöðu, sem þessu náttúrulega líuþessu, hlöðu þessu sýruvörum í náttúru og í allri framskiðinu. Eruhlöðu hlöðu þessu sýruvörum í náttúru og í allri framskiðinu. Eruhlöðu hlöðu þessu sýruvörum í náttúru og í allri framskiðinu.

„Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bretlandi á börnum, sem standa sig illa í skóla, eru óröleg og einbeitingarlaus, sýna, að frammistaða þeirra og hegðun stórbatna ef þeim eru gefnar náttúrulegar fitusýrur, blanda af lýsi og næturljóssolíu.“

Morgunblaðið, 6. maí 2005



www.lysi.is

Litríkt & kvenlegt sumar!



KULTUR - Kringlunni
Kr. 33.990

Kynning

Sumarið nálgast óðfluga sem þýðir að verslanir eru nú fullar af nýjum og flottum sumarvörum. Kvenleikinn verður sem fyrr í fyrirrúmi í sumar en síðir og litríkir kjólar verða áberandi ásamt flottum fylgihlutum eins og perlufestum og fallegum töskum. Fermingarnar eru einnig í fullum gangi þessa dagana og blúndan því vinsælt efni sem ekki aðeins fermingarstúlkur mega nota.



NEXT - Kringlunni
Kr. 2.690



KISS - kringlunni
lokkar kr. 990, armb. kr. 150
stk., perlufest kr. 1.490, bolur kr.
3.490, belti kr. 3.990, taska kr.
5.990.



NEXT - Kringlunni
Kr. 6.790



KISS - kringlunni
Kross kr. 1.990, perlufesti kr.
1.490, hanskar kr. 1.690,
sokkabuxur kr. 1.690, píls kr.
2.990, blúndubolur kr. 3.490,
innanundir bolur kr. 1.990.



NEXT - Kringlunni
Kr. 3.490



NOA NOA - Kringlunni
Kr. 11.990



KULTUR - Kringlunni
Kr. 28.990



GALLABUXNABÚÐIN -
Kringlunni
Kr. 5.900



KULTUR - Kringlunni
Kr. 11.990



KULTUR - Kringlunni
Kr. 5.990



BENETTON / SISLEY - Smáralind
Kr. 7.795
einnig til í hvítu & Turkeys bláu



Matur á páskum

Hér er hugmynd að góðri páskamáltíð. Lambalæri með kartöflum og salati og það er í eftirrétt. Hljómar klassískt og minnir á gömlu sunnudagssteikina - en farnar aðeins aðrar leiðir við matargerðina. Ekki mikið flóknara en smá útúrdúrar. Gleðilega páska!

Páskalærið að þessu sinni

1 lambalæri
3 hvítlauksrif
2 msk. timían, helst ferskt
2 msk. rósmarín, helst ferskt
1/2 tsk. svartur pipar, grófmalaður
1 tsk. salt, sjávarsalt, Maldon
150 ml hvítvín
2 msk. ólífuoía



Merjið hvítlauk, kryddjurtir, salt og pipar í morteli. Hrærið hvítvíni og olíu saman við. Nuddið marinerungunni í kjötið og látið marinerast í 2-24 tíma. Best er að stinga lærinu í poka og hella afganginum af marinerungunni yfir það. Þannig fer ekkert af henni til spillis og

kjötið liggur í krydduðum vökvanum. Ef þið viljið hafa kjötið moðsteikt þá hafið þið lærið í 160 gráða heitum ofni í fjóra tíma. Ef þið viljið hins vegar hafa kjötið fljóteldað; medium steikt, stingið því inn í 230 gráða heitan ofn og gerið ráð fyrir að elda það í 25 mín. á kílóíð.

Fyrir marineringu og moðsteikingu þá er hægt að mæla með því að nota steikarpoka. Þægilegt að láta kjötið marinerast í pokanum og stinga því beint inn í ofninn í honum. Soðið af kjötinu er bragðmikið og fyrir þá sem það vilja, er gott að baka upp sósu úr soðinu.



FILEN/SIA F1016752



*Páskaegginn
sem
elska allir*

S
NÓI SÍRÍUS

Kartöflurnar með ...

1 kg kartöflur, skornar í 5 mm sneiðar
 2 hvítlausrif, söxuð
 1 laukur, fínt saxaður eða sneiddur
 10 kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
 fínt rifinn börkur af sítrónu
 1 tsk. timían, helst ferskt
 5 msk. olía
 5 msk. hvítvín
 salt og svartur pipar

Setjið kartöflurnar í skál eða poka. Blandið öllu hráefninu saman við kartöflurnar. Kosturinn við að gera þetta í poka er að hann er hægt að hrista til og frá og allt blandast mjög vel. Dreifið úr kartöflunum í eldfast mót, á bökunarpappír á bökunarpötu eða hafið í steikarpoka. Setjið þær í ofninn með lærinu og fylgist vel með hvenær kartöflurnar eru tilbúnar. Ef moðsteiking fer fram hægðast kartöflurnar en hægt er að kynda undir ofninum í nokkrar mínútur í lokin til að kartöflurnar fái stökka kanta. Ef ofninn er á 230 gráðum þurfa kartöflurnar ekki nema 20 mínútur.



.. og salatið

1 poki klettasalat eða annað gott salat
 1/2 gráðaostur
 10 valhnetukjarnar
 12 dödlur, stórar og góðar, skornar í tvennt eða þrennt
 olía
 balsamedik
 salt og svartur pipar

Setjið salatið á disk. Brjótið ostinn niður og yfir salatið. Skerið valhneturnar í minni bita og dreifið yfir. Einnig döðlunum. Dreypið olíu yfir salatið og smá balsamediki. Saltið og piprið. Sniðugt að bera salatið fram á litlum diskum fyrir hvern og einn.



Loksins er það eftirrétturinn

1 l vanillús
 1 bolli rúsínur
 1 bolli sérrý
 1/2 bolli möndlur, saxaðar
 100 g flórsykur
 1 msk. vatn

Takið ísinn úr frystinum og látið hann þiðna aðeins. Hellið víninu yfir rúsínurnar, látið standa í að minnsta kosti 30 mín. Setjið sykur og vatn í pott, leysið sykurinn upp og sjóðið þar til úr verður karamella, um 8 mín. Sykurinn dökknar skyndilega svo fylgjast þarf vel með. Takið þá pottinn af hitanum og hrærið möndlurnar saman við. Hellið af pönnunni á bökunarpappír, þunnt lag, og látið stökkna. Saxið loks niður eða maukið gróflega í matvinnsluvél. Þegar ísinn er vel mjúkur, hrærið rúsínurnar og möndlurnar saman við hann og blandið vel. Setjið í frysti. Berið fram með karamellu- eða súkkulaðisösu.

CASA FIESTA



**HUGSAÐU MEÐ
BRAGÐLAUKUNUM**



Strawberry feels forever

Á heitu sumarkvöldi á því herrans ári 1717, rakst landkönnuðurinn Amedee Frezier á blóðrauðan ávöxt, þar sem hann var á ferðum sínum um hið nýfundna land Chile. Frakkanum forvitna þótti ávöxturinn fagurrauði hafa einstaklega sætan og höfugan ilm og bragðast yndislega. Hann var ákaflega uppnuminn yfir fundi sínum og færði frönsku konungshirðinni fyrstu jarðarberjaplönturnar, sem Spánverjar nefndu Fresita, við heimkomu sína. Franska drottningin tók miklu ástföstri við berin blómlegu og kaus að njóta þeirra með daglegu kampavínglasi sínu. Komst þessi samsetning í tísku og nú hafa Chilemenn sameinað þessi tvö dýrölegu hráefni í einum drykk. Fresita er ferskt og mjúkt vín með einstaka bragðfyllingu og hentar vel sem fordrykkur eða með eftiréttum.


Ferskt

Exótískt

Náttúrulegt

Fresita





Skartgripir sem Páll hannaði fyrir þemahönnunarsýninguna 101 Reykjavík. Þar vann hann með steypu og stálvír en honum fannst þau efni fanga vel andrúmsloft miðbæjarsvæðisins. Hér má sjá hring, armband og hálsmen.



Páll hefur gaman af því að leika sér með mismunandi blæbrigði stáls. Hringurinn og hálsmenin eru afar opin og fá litirnir þannig að leika um verkið.

Leikur sér með nýjungar

Páll Sveinsson er einn af fjölmörgum íslenskum skartgripahönnuðum sem nú sýna verk sín á vest-norrænu hönnunarsýningunni Transform, sem stendur yfir í Norræna húsinu. Þjóðleg hönnun er höfð í fyrirrúmi á sýningunni en þó er leitast við að sjá hana í nútímalegu samhengi.

Páll hóf nám í gullsmíði árið 1995 þegar hann gerðist lærlingur hjá úra- og skartgripaversluninni Jón og Óskar á Laugaveginum þar sem hann starfar enn í dag. Áður hafði Páll lokið starfsnámi í trésmíði. Páll segir að hann hafi mjög fljótlega farið að huga að eigin hönnun enda kalli starfið hreinlega á slíkt.

Þegar Páll er beðinn um að lýsa hönnun sinni nefnir hann helst að hún sé nýjungagjörð. „Ég hef nokkuð gaman af að fást við tæknilegar hliðar hönnunarinnar.“ Páll hefur sýnt á nokkrum hönnunarsýningum hér á landi og einnig í Pétursborg. Hann hreppti einnig fyrsta sætið í keppni á vegum félags íslenskra gullsmiða og samtaka iðnaðarins fyrir karlmannlegasta víNFLöskutappann.

Framtíðin er hins vegar óráðin að sögn Páls. „Eftir því sem verkefnin koma þá heldur maður alltaf áfram, þó svo að ég sé ekki endilega að sýna á einhverjum hönnunarsýningum,“ segir hinn hógværi gullsmiður Páll að lokum.

Hálsmen úr ryðfríu stáli, sem Páll segir að heilli sig meira en silfur. Fyrir miðju hálsmensins er djúpalónsperla, íslenskur steinn sem finnst aðeins á fáum stöðum í heiminum.

Verkið sem Páll hefur til sýnis á Transform í Norræna húsinu. Í verkinu tekur hann gamalt íslenskt handverk, Loftverk, og setur það í nýja umgjörð.



Páll Sveinsson, skartgripasmiður, í sínu daglega starfi hjá Jóni og Óskari



Hálsmen og hringur þar sem Páll leyfir hverjum steini að njóta sín.



Evans

OPNAR Í SMÁRALIND Í DAG

Evans er vinsælt tískuvörumerki frá Bretlandi sem býður upp á spennandi úrval af nýjustu tísku í stærðum 16-28 fyrir konur. Í tilefni opunar gefst viðskiptavinum tækifæri á að vinna 10.000 kr. inneign.

Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur,
stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Original hot and
sweet svinakjöt
Snöggsteikt nauta-
kjöt í ostrusósu
Kínverskar
eggjanúðlur
m/kjúklingi og
grænmeti
Hrisgrjón, súrsæt
sósa, prjónar og
soya sósa

1.245 á mann
2.490 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur
m/kínasveppum
Wok steikt lamba-
kjöt m/svartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svinakjöt
Hrisgrjón súrsæt
sósa, prjónar og
soya

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjapartý

Konton svínaríf
Hrisgrjón, prjóna
og soya
poki af Maarud

1.150 á mann
2.300 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
600 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspöntun er kr. 1.900.- en kr. 4.000.- í Hafnarfjörð.
Opíð: mán.-fim. 12-22, fös. og lau. 12-23, sun. 17-22

PÖNTUNARSÍMI 552 2399



Ljósmynd

á borðið

Ljósmyndir eru oftast á veggum á borðstofuborði. Diskamottur þessar eru undantekning frá reglunni. Á þeim er mynd eftir ljósmyndarann Kristján Inga, mótifin eru sótt úr náttúrunni. Diskamotturnar eru úr þunnu og sveigjanlegu plasti sem auðvelt er að þrifa. Diskamotturnar eru ótrúlega flottar og setja virkilega fallegan svip á hvaða matarborð sem er. Þær fást í Epal og kosta 800 krónur stykkið.



-25%

AFSLÁTTUR AF
**sumar-
dekkjum**

-25%

AFSLÁTTUR AF
**vinnu
við smur**

**Ótrúleg
tilboð!**

á
**jeppa-
dekkjum**

BÍLKÓ - **Betri verð!**

bilko.is

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

 Vaxtalausar léttgreiðslur!



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag*

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

*Verð er án kílómetragjalds.

Tel: **555 333 0**

Brynhildur Björnsdóttir
elur upp



Dagur í orlofi

Fyrir um það bil ári síðan, í öðru lífi, spurði ég vinkonu mína spurningar sem lengi hafði brunnið á mér. Vinkonan hafði einmitt verið að kvarta undan þreytu og því að koma engu í verk. Spurningin var svohljóðandi: „Bíddu, ertu ekki í fæðingarorlofi? Hvað ertu eiginlega að gera allan daginn?“ Mér fannst nefnilega erfitt að gera mér í hugarlund að það gæti verið samsvarandi heilum vinnudegi að annast lítið barn. Ég sá fyrir mér að loksins hefði hún tímann sem marga vantar, tíma til að lesa, rækta líkama og sál, taka upp samband við gamla vini og jafnvel nýtt áhugamál. Þið sem eruð haldin sömu spurn og ég fyrir ári síðan: Svona er dagur í lífi í fæðingarorlofi.

Fyrst ber að telja að fyrstu fjóra mánuðina þurfa litil börn að borða á lágmark fjögurra tíma fresti, sem þýðir auðvitað að sá sem annast næringu barnsins sefur aldrei meira en fjóra tíma í senn. Gjöfin stendur alltaf yfir í lágmark hálf tíma, stundum lengur hjá mér þar sem dóttir mín fer fyrst á brjóst og svo fær hún pelann sinn. Pelann þarf auðvitað að þvo og sjóða og innihaldið að mæla, blanda og kæla eftir hárréttum kúnstarinnar reglum. Að loknu borðhaldi þarf að passa að losa óæskilegt aukaloft úr mallakút með því að reyna að framkalla ropa, sem oft er tímafrekara en virðist í fyrstu. Þá er kominn tími til að kíkja í bleyjuna, sem er líka nauðsynlegt að gera oft á sólarhring. Lítil börn eru nefnilega mjög virkir framleiðendur sem eru allan daginn að breyta mjólk í sentimetra og grömm og eins og allri annarri framleiðslu fylgir þessu ferli tölurverður úrgangur. Stundum er mjólkurinntakið of mikið og þá kemur mjólkinn beint upp aftur og lendir oftast á fötum barnsins og oftar en ekki móðurinnar líka. Þá þarf gjarna að skipta um fót svo ekki slái að barninu í rennblautum útgubbuðum fötum. Það er því ljóst að þessu ferli fylgja heilmiklir þvottar. Svo þarf að huga að þroska barnsins með því að syngja fyrir það, tala við það og sýna því leikföng.

Stundum sofnar barnið í smástund, eða pabbinn skýst heim í hádeginu, og þá rýkur móðirin í að sinna grundvallarþörfum sínum, tekur aðeins til og lítur í blöðin eða á sjónvarpið ef færi gefst til að fylgjast aðeins með heiminum fyrir utan hreiðrið. Göngutúrar gagnast báðum, barnið sefur vært í ferska loftinu og móðirin fær lágmarks hreyfingu og hittir jafnvel fólk sem mælir aldur sinn í árum en ekki vikum.

Stærstur hluti þess sem ég geri í fæðingarorlofinu er samt að vera í skátahlutverkinu; ávallt viðbúin að svara hverri þörf dóttur minnar. Hún er svo sem ekkert þarfafrek; ef hún fær að borða og ég skipti um bleyju á henni öðru hvoru er hún sæl og hjalar og hlær við mér eða leikföngunum sínum sem hún er að uppgötva þessa dagana. Uppáhaldið er litrík skjaldbaka sem hangir fyrir ofan vögguna hennar en fast á eftir fylgja asni sem syngur lög og mjúkur gulur gíraffi.

Stundum sitjum við svo bara og horfum hvor á aðra, ég og litla stelpan mín, og við þurfum tíma til þess líka. Við erum jú mikilvægasta fólkið í lífi hvor annarrar og höfum samt ekki þekkt nema þrjá mánuði.

Tekið á stríðninni

